

Ed.

386. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 10. júlí 1987.

Nefndin klotnaði við afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Með nefndaráliti þessu er fylgiskjal til skýringar á breytingartillögunni.

Alþingi, 19. des. 1987.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Valgerður Sverrisdóttir.

Karvel Pálmason.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Niðurstöður um niðurgreiðslur og endurgreiðslur kjarnfóðurgjalds. (16. des. 1987.)

Niðurgreiðslur hækki um 1289 millj. kr. Áætluð skipting þessa fjár er eftirfarandi:

	<i>Kr./kg</i>	<i>Kostnaður. millj. kr.</i>	<i>Áætluð verðbr.</i>
Dilkakjöt	71.00	535.3	0%
Mjólk	10.89	496.6	0%
Undanrenna	8.00	16.0	0%
Skyr	19.11	29.6	0%
Smjör	64.57	82.0	0%
Ostur 45%	49.54	67.4	12%
Ostur 30%	41.34	23.2	12%
Kindakjöt 3.–6. fl.	27.11	39.6	12%
Samtals		1289.7	

Kjarnfóðurgjöld verði hækkuð í 4500 kr. (50%-gjaldið) og 4400 kr./tonn (sérstakt gjald). Teknar verði upp endurgreiðslur út á afuðrir svína, alifugla og nauta sem nægja til þess að halda verðbreytingum við um 10%.

	<i>Kr./kg</i>	<i>Kostnaður millj. kr.</i>	<i>Áætluð verðbr.</i>
Svínakjöt	41.00	77.9	10%
Egg	20.00	50.0	10%
Kjúklingar	41.00	73.8	10%
Nautakjöt	35.77	93.0	10%
Samtals		294.7	
Samtals		1584.4	

Vegna hækkunar kjarnfóðurgjalda verða tekjur um 462.8 millj. kr. eða 112.8 millj. kr. umfram fjárlagafrumvarp.

Vegna breyttra verðhlutfalla má reikna með að þörf fyrir útflutningsbætur verði minni en verið hefði að óbreyttum verðhlutföllum. Á þessum forsendum er lagt til að útflutningsbætur lækki um 21,6 millj. kr.

Til niðurgreiðslna og endurgreiðslna fóðurgjalda var áformað að verja 1250 + 200 eða 1450 millj. kr. Nettóniðurstaða er á þeim mörkum:

Niðurgreiðslur	1289.7
Endurgreiðslur	294.7
Kjarnfóðurskattur	-112.8
Útflutningsbætur	-21.6
Samtals	1450.0